



## Verkefnaáætlun tengd úrbótatillögum Ríkisendurskoðunar, í framhaldi af stjórnýsluúttekt

	Tillaga – ábending Ríkisendurskoðunar	Hvar?	Verkefni Samkeppniseftirlitsins	Framvinda
1.	Innra eftirlit: Formfesta betur hlutverk, verkaskiptingu, ábyrgð og kerfisbundið verklag við innra eftirlit og skjalfesta með ítarlegri hætti en gert er.	Till. 1, bls. 16 Kafli 1.4, bls. 34	Samin verður heildstæð lýsing á innra eftirliti, til viðbótar við tékklista sem notaður hefur verið, sbr. <a href="#">leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar um innra eftirlit</a> , frá 2017.	Í vinnslu - fyrri hluti árs 2024 (tafist vegna anna)
2.	Skilgreina nánar eftirlitshlutverk stjórnar í <a href="#">starfsreglum nr. 1226/2020</a> .	Till. 1, bls. 16 Kafli 1.2.2, bls. 30 Nefndarálit	Starfsreglur stjórnar verða endurskoðaðar með það fyrir augum að lýsa með ítarlegri hætti samspili eftirlitshlutverks stjórnar og þátttöku hennar í ákvörðunartöku. M.a. verður hugað að sjálfstæði eftirlitsins m.t.t. aðkomu ráðuneytis að stjórn.	Lokið með reglum nr. <a href="#">380/2023</a>
3.	Innleiða innri endurskoðun í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál	Till. 1, bls. 16 Kafli 1.4, bls. 34	1) Þarfagreining framkvæmd og óskað samstarfs við fjármálaráðuneyti (ábyrgðaraðila laga um opinber fjármál), í ljósi þess að ekki eru þekkt dæmi um að hliðstæðar stofnanir hafi tekið upp innri endurskoðun. 2) Upptaka innri endurskoðunar kallar á viðbótarfjárveitingar. Athygli ráðuneytis samkeppnismála vakin á þessu.	1) Lokið 2) Bréf til ráðuneytis, dags. 28. apríl 2023.
4.	Vinna áfram að þróun aðgengilegra leiðbeininga og hagnýtra upplýsinga um samkeppnismál, þar á meðal hvað snýr að málsmeðferð og meginsjónarmiðum við úrvinnslu samrunamála, og reglubundinni miðlun þeirra í samræmi við skilgreindar áherslur stjórnar.	Till. 2, bls. 16 Kafli 2.6, bls. 49	1) Aukið gagnsæi í meðferð samrunamála með birtingu upplýsinga um <a href="#">mál í vinnslu og stöðu þeirra</a> . 2) <a href="#">Samantekt /leiðarlýsing</a> fyrir leiðbeiningar- og fræðsluefni Samkeppniseftirlitsins birt á heimasíðu þess. 3) Yfirfara og uppfæra almennar leiðbeiningar- og fræðsluefni eftir því sem tilefni er til. 4) Ráðast í endurbætur á heimasíðunni, sem miðar að því að gera leiðbeiningar- og fræðsluefni meira áberandi og aðgengilegt. 5) Endurgerð heimasíðu er kostnaðarsöm og verður athygli ráðuneytis samkeppnismála vakin á því. 6) Leita samráðs við ESA um það hversu langt eftirlitið má ganga í almennum leiðbeiningum til fyrirtækja, en reglur EES-réttar og	1) Lokið 2) Lokið 3) Viðvarandi 4) Kallar á viðbótarfjárheimildir 5) Kallar á viðbótarfjárheimildir 6) Viðvarandi



			sjónarmið um sjálfstæði eftirlitsins setja því mikilvægar skorður.	
5.	Ljúka endurskoðun málsmeðferðar- og verklagsreglna að teknu tilliti til breytinga á skipulagi og stjórnun verkefna á undanförunum árum. Útfæra með fyllri hætti forsendur og framkvæmd forgangsröðunar, skilgreina betur hlutverk málahóps.	Till. 3, bls. 16 Kafli 2.5, bls. 46	1) Leitað sjónarmiða um mögulegar reglur um fjárhæð sekta og endurskoðun á reglum um niðurfellingu og lækun sekta. 2) Umsagnarferli og umræðufundur („Samtal um samkeppni“), þar sem breytingar á málsmeðferðarreglum verða kynntar og leitað sjónarmiða. 3) Liður í endurskoðun málsmeðferðar er mótun og innleiðing stafrænnar samskiptagáttar, sem ætlað er að stuðla að skilvirkari málsmeðferð. Munu nýjar málsmeðferðarreglur taka mið af nýrri samskiptagátt. 4) Nýjar málsmeðferðarreglur taka gildi. 5) Ítarlegri innri verklagsreglur eru einnig í endurskoðun, en þær eru til nánari fyllingar á málsmeðferðarreglum. Þar verður t.d. kveðið á um hlutverk málahóps í innra starfi. Gildistaka endurskoðaðra reglna helst í hendur við endurskoðun á málsmeðferðarreglum.	1) Lokið 2) Fyrri hluti árs 2024 (tafist v. anna) 3) 2024 (en kallar á viðbótar-fjárheimildir) 4) 2024 (tafist) 5) 2024 (tafist vegna anna)
6.	Marka upplýsinga- og stöðufundum gagnvart málsaðilum skýrari ramma, sérstaklega hvað varðar skjalfestingu þeirra.	Till. 3, bls. 16 Kafli 2.5, bls. 46	Ákvæði 5. gr. <a href="#">reglna nr. 1390/2020</a> , um tilkynningu samruna, verða endurskoðaðar. Taka ber þó fram að tilmæli um skjölun stöðufunda eru ekki í samræmi við viðurkennt verklag í EES-rétti. Hugað verður að því hvernig unnt er að koma til móts við tillöguna, án þess að fórna þeirri skilvirkni sem stefnt er að með stöðufundum. Leitað verður sjónarmiða hagaðila um þessa endurskoðun. Einnig metin reynsla af stöðufundum hingað til.	2024 (endursk. tafist vegna anna)
7.	Árangurs- og ábatamat: Reglubundið mat á ábata af starfsemi Samkeppniseftirlitsins verði nýtt við skilgreiningu áherslna, markmiða og árangursmælikvarða til framtíðar.	Till. 4, bls. 17 Kafli 3.1.5, bls. 55	1) Samkeppniseftirlitið er að láta rýna endurnýjað ábatamat, sem fyrst var reiknað árið 2014 og aftur 2016, á grunni leiðbeininga OECD. Endurnýjað ábatamat tekur til ábata af rannsóknum á bannákvæðum samkeppnislaga og samrunaefirliti. Verður ábatamatið birt þegar það hefur verið rýnt. 2) Ætlunin er að meta ábata af samkeppniseftirlitinu með þessum hætti eigi sjaldnar en annað hvert ár.	1) Lokið (birt á næstu vikum) 2) Viðvarandi
8.	Setja þarf fram skýrari árangursviðmið hvað snýr að samrunamálum og fylgjast betur með árangri og áhrifum samrunaskilyrða.	Till. 4, bls. 17 Kafli 3.3, bls. 57 Kafli 3.1.1, bls. 51	1) Endurbætt ábatamat, sbr. lið 7 hér að framan, tekur einnig til samrunaefirlits. Eftirlitið mun því geta birt sundurliðaðar upplýsingar um ábata af samrunaefirliti.	1) Lokið (birt á næstu vikum)



			<p>2) Dýpra hagrænt mat á ábata af einstökum íhlutum í samrunamál, sem gert er að umtalsefni í skýrslunni, er hvergi framkvæmt af hálfu samkeppniseftirlita. Um væri að ræða mjög kostnaðarsama framkvæmd sem kallar á viðbótarfjárveitingar. Verður þetta tekið upp í samskiptum við ráðuneyti samkeppnismála.</p> <p>3) Í vinnslu er mat á framkvæmd skilyrða frá árinu 2008 (ekki hagrænt mat á ábata), sem nýtt verður við mótun skilyrða og íhlutana í framtíðinni.</p> <p>4) Við mat á málshraða verður málsmeðferðartími sundurliðaður með ítarlegri hætti eftir verkefnaflokkum, þ.á m. samrunamálum, sbr. umfjöllun í kafla 3.1.1.</p>	<p>2) Bréf til ráðuneytis, dags. 28. apríl 2023.</p> <p>3) 2024 (tafist vegna anna)</p> <p>4) Lokið.</p>
9.	Greina með ítarlegri hætti áhrif breyttra veltumarka, m.t.t. áhættu vegna markaðsaðstæðna og ábata af heildarstarfsemi.	Till. 5, bls. 17 Kafli 4.1.2, bls. 64 Kafli 4.1.3, bls. 68 Nefndarálit	Á ábyrgðarsviði ráðuneytis samkeppnismála. Samkeppniseftirlitið er reiðubúið til samstarfs og mun taka þetta upp í bréfi til ráðuneytisins vegna skýrslunnar.	Bréf til ráðuneytis, dags. 28. apríl 2023.
10.	Leggja mat á forsendur, tilhögun og framkvæmd ákvæða um samrunagjald og taka til skoðunar hvort innleiða þurfi frekari þrepaskiptingu gjaldsins, binda það við tiltekið hlutfall af veltu samrunaaðila eða hvort aðrar leiðir séu færar í því skyni að innheimt samrunagjalds sé í samræmi við umfang viðkomandi máls. Tryggja reglulega endurskoðun gjaldsins, m.t.t. verðlagsþróunar.	Till. 6, bls. 17 Kafli 5.2.5, bls. 80	Á ábyrgðarsviði ráðuneytis samrunamála. Samkeppniseftirlitið er fylgjandi tillögunni og mun taka hana upp í bréfi til ráðuneytisins vegna skýrslunnar.	Bréf til ráðuneytis, dags. 28. apríl 2023.
11.	Grípa til markvissra aðgerða vegna villandi samrunatilkynninga og bregðast við af festu og beita stjórnvaldssektum vegna vísvitandi villandi eða rangrar upplýsingagjafar	Till. 7, bls. 18 Kafli 5.2.1, bls. 76	<p>1) Samkeppniseftirlitið tekur undir brýningu Ríkisendurskoðunar og bendir á að álag og þröng rekstrarstaða hefur knúið eftirlitið til að forgangsraða þessum málum aftur fyrir. Málið verður tekið upp við ráðuneyti samkeppnismála í samhengi við þörf á auknu rekstrarsvigrúmi.</p> <p>2) Eftirlitið hefur kappkostað að draga úr hættunni á rangri eða ófullnægjandi upplýsingagjöf í samrunatilkynningum, með því að leggja aukna áherslu á forviðræður og framkvæma ítarlega skoðun á efni samrunatilkynninga. Eftirlitið mun við endurskoðun á <a href="#">reglum um tilkynningu samruna</a> leggja enn aukna áherslu á forviðræður í þessu sambandi.</p>	<p>1) Bréf til ráðuneytis, dags. 28. apríl 2023.</p> <p>2) 2024 (endurskoðun reglna tafist vegna anna)</p>



12.	Skýra heimild til skipunar eftirlitsaðila (vegna skilyrða í sáttum í samrunamálum)	Till 8, bls. 18 Kafli 6.3, bls. 94 Nefndarálit	<a href="#">Reglur nr. 1390/2020</a> , um tilkynningu samruna, verða endurskoðaðar með það að markmiði að kveða á um heimild til skipunar eftirlitsaðila, á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga.	2024 (endursk. tafist vegna anna)
13.	Útfæra nánar verklagsreglur um störf eftirlitsaðila og aðhald með þeim.	Till 8, bls. 18 Kafli 6.2, bls. 90 Nefndarálit	Verklagsreglur um skipan og störf eftirlitsaðila, frá 18. mars 2022, verða endurskoðaðar með hliðsjón af tillögum Ríkisendurskoðunar.	2024 (endursk. tafist vegna anna)
14.	Frekari mótun forviðræðna - endurskoðun á reglum <a href="#">nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum</a>	Nefndarálit Kafli 4, bls. 61 og áfram (almennur lærdómur af skýrslunni) Nefndarálit	Í nefndarálitum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar er hvatt til þess að kannað verði hvernig hægt sé að nýta forviðræður með enn frekari skilvirkni að leiðarljósi.  Eins og rakið er í skýrslunni Ríkisendurskoðunar hefur Samkeppniseftirlitið haft í hyggju að draga saman lærdóm af beitingu núgildandi reglna um tilkynningu samruna. Verður efni skýrslunnar haft til hliðsjónar við þá endurskoðun.  Við endurskoðun reglnanna mun eftirlitið m.a. huga að ítarlegri ákvæðum um forviðræður þar sem dreginn er lærdómur af reynslu af forviðræðum hingað til og borið saman við reynslu í nágrannalöndum.	Verklag við forviðræður hefur verið þróað frekar. Skjalfest frekar við endurskoðun reglna á árinu 2024.
15.	Skilgreina þolmörk forgangsröðunar, m.t.t. lögbundinna skyldna Samkeppniseftirlitsins.	M.a. kafli 2.4, bls. 42	Í skýrslunni er umfang samrunamála dregið skýrt fram, sem og sá forgangur sem Samkeppniseftirlitinu er skylt að lögum að gefa þeim málaflokkki. Af skýrslunni er ljóst að þessi forgangsröðun hefur sett annarri starfsemi verulegar skorður. Verður þetta tekið upp í samskiptum við ráðuneyti samkeppnismála.	Bréf til ráðuneytis, dags. 28. apríl 2023.
16.	Tryggja að íslenskar samkeppnisreglur kveði á um heimildir samkeppniseftirlita og réttarvernd tjónþola í samræmi við reglur Evrópuríkja	Kafli 1.5, bls. 36 Kafli 4.1.1, bls. 62 (stöðvun tímafresta)	Skýrslan dregur fram að íslensk samkeppnislög uppfylla ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru í Evrópu. Þannig hefur tilskipun nr. 1/2019 um styrkingu samkeppnislaga ekki verið innleidd hér á landi, en t.d. eru heimildir eftirlitsins til að ráðast í húsleit þrengri en gerð er krafa um samkvæmt umræddri tilskipun. Þá er ekki til staðar heimild til að stöðva tímafresti í samrunamálum, auk þess sem tjónþolar vegna samkeppnislagaþrota búa við lakari réttarvernd er tjónþolar í ríkjum ESB.  Verður þetta tekið upp í samskiptum við ráðuneyti samkeppnismála.	Bréf til ráðuneytis, dags. 28. apríl 2023.



**Uppfært 7. desember 2023**

Áður uppfært í lok árs 2022 með hliðsjón af nefndaráliti stjórnskipunar og eftirlitsnefndar (153. löggjafarþ., þingskj. 624 – 509.mál)